

1947 nr. 30 22. apríl**Lög um að tryggja mannelisgildi hveitis**

Tóku gildi 1. júlí 1947. Breytt með l. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum mannelisráðs að skipa fyrir með reglugerð um ráðstafanir til að

tryggja sem best mannelisgildi hveitis, sem selt er á íslenskum markaði. Má í því skyni krefjast sérstakrar tilhögunar við mölun hveitisins, svo og að það skuli blandað viðeigandi næringar- og hollustuefnum, annars hvors eða hvors tveggja í senn.

■ **2. gr.** Brot gegn ákvæðum reglugerða, sem settar kunna að verða samkvæmt lögum þessum, skulu varða . . . ¹⁾ sekt, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum.

¹⁾ L. 10/1983, 22. gr.